



## Reglur Fjarðabyggðar um styrkveitingar til greiðslu fasteignaskatts

### 1. gr.

Að lokinni árlegri álagningu fasteignaskatts er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum í sveitarfélaginu, þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi eða vinna að mannúðarstörfum sbr. heimild í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga og 7. gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005. Eingöngu er um að ræða styrki til greiðslu fasteignaskatts en ekki fasteignatengdra gjalda.

### 2. gr.

Styrkir skulu eingöngu veittir almennum félögum sem hafa með höndum einhverja þá starfsemi sem getið er í 1. grein. Viðkomandi fasteign skal vera notuð fyrir þá starfsemi en ekki rekstur eða starfsemi í ágóðaskyni. Skilyrði er að viðkomandi félag sé skráður eigandi viðkomandi fasteignar eða handhafi þinglýsts húsaleigusamnings til a.m.k. eins árs, og að í samningnum komi fram að félagið skuli greiða fasteignagjöld af hinu leigða húsnæði. Veittur styrkur getur aldrei numið hærri fjárhæð en sem svarar 100% af álögðum fasteignaskatti. Sé húsnæðið að öllu leyti í fastri útleigu fyrir aðra starfsemi en þá sem tilgreind er í 1. grein verður styrkur ekki veittur.

### 3. gr.

Eigendur friðaðra húsa samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 geta sótt um styrki til greiðslu fasteignaskatts af friðuðum húsum ef þeir hafa staðið að endurbótum eða endurbyggingu þeirra. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um endurbyggingu eða endurbætur hússins. Bæjarráð metur umsóknir og ákveður styrkhæfni í hvert sinn að undangenginni umsögn skipulags- og byggingafulltrúa. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að fram hafi farið umtalsverðar endurbætur á húsinu og þannig megi líta á styrk sem framlag til endurbóta. Veittur styrkur getur aldrei numið hærri fjárhæð en sem svarar 100% af álögðum fasteignaskatti. Styrkir samkvæmt þessari grein verða einungis veittir til eins árs í senn og að hámarki í 5 ár fyrir hverja fasteign.

### 4. gr.

Umsóknir um styrki skulu berast bæjarráði sem tekur þær til umfjöllunar og afgreiðslu. Samþykkt bæjarráðs hverju sinni gildir fyrir álagningarárið. Umsókn almennra félaga sbr. 2. gr. skal fylgja rekstraryfirlit og greinargerð um starfsemi í viðkomandi húsi á næst liðnu ári. Umsókn eigenda friðaðra húsa sbr. 3. gr. skal fylgja greinargerð um endurbyggingu eða endurbætur þess. Tilkynna skal öllum umsækjendum um afgreiðslu umsóknar og hvenær styrkur kemur til greiðslu, sé hann veittur.



**5.gr.**

Við samþykkt útgjalda til styrkja skal þess gætt að um sé að ræða ráðstöfun í samræmi við gildandi fjárhagsáætlun. Fjármálasvið sér um framkvæmd samkvæmt reglum þessum.

**6.gr.**

Reglur þessar eru settar með heimild í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum og reglugerð um fasteignaskatt nr. 1160/2005.

Fjarðabyggð 21.september 2018

  
Karl Óttar Pétursson  
Bæjarstjóri



Samþykkt í bæjarráði 17. september 2018  
Samþykkt í bæjarstjórn 20. september 2018